



Leitað að breytingum í hinu litríka Aureum Chaos

Þótt lofthjúpur Mars sé örþunnur er vindurinn engu að síður nógu kröftugur til að færa til sandöldur og gárur (nefnd einu nafni botngerðir). Slíkar breytingar hafa komið fram á myndum HiRISE. Rannsóknahópur okkar fylgist náið með svæðum þar sem botngerðir eru til að kanna hvort þær hreyfist til.